

hæfilega ákveðin samtals 5000 kr. en þar af hljóti e.s. Olav 800 kr. Vextir reiknast 5% frá stefnudögum hvors máls. Í málskostnað greiði stefndur 400 kr. þar af 100 kr. til umboðsmanns e.s. Olav. Þá viðurkennist og sjóveðréttur í e.s. Pétursey fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Miðvikudaginn 26. maí 1937.

Nr. 164/1936. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Pétri Ólafssyni, Stefáni Ó. Stephensen og Ólafi Þórðarsyni

(Eggert Claessen).

Þrír menn dæmdir til refsingar samkvæmt 4. gr. laga nr. 5 frá 1920.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1936: Kærði Stefán Ólafsson Stephensen greiði til landhelgisjóðs Íslands 8000.00 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Pétur Ólafsson greiði til landhelgisjóðs Íslands 8000.00 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Ólafur Þórðarson greiði til landhelgisjóðs Íslands 2500 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði allir in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun kr. 250.00 til skipaðs verjanda sins, hrm. Eggerts Claessen.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir því sem prófum málsins og viðurkenningu hinna kærðu Péturs Ólafssonar og Stefáns Ó. Steph-

ensen er háttað, verður ekki talið upplýst, að þeir hafi verið búnir að stunda starfsemi þá, sem þeim er að sök gefin og lýst er í forsendum hins áfrýjaða dóms, lengur en um eins árs skeið, er rannsókn í málinu hófst í janúar 1936. Kærði Pétur var upphafsmaður að starfsemi þessari og hafði undir höndum dulmálslykil þann, sem notaður var, en telja verður, að kærðu hafi báðir staðið sem aðalmenn að sendingu skeytanna. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og núverandi gullgengis íslenzkrar krónu þykir mega staðfesta hann, þó þannig, að sekt kærða Stefáns verði 5500 krónur og að kærðu afpláni sektir sínar sem hér segir, verði þær ekki greiddar innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, kærði Pétur með einföldu fangelsi í 5 mánuði, kærði Stefán með einföldu fangelsi í 100 daga og kærði Ólafur með einföldu fangelsi í 60 daga.

Kærðu ber að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Við rannsókn málsins er það að athuga, að í þinghaldi 16. apríl 1936 eru lögð fram hefti með dulskeytum frá árinu 1934, sem virðast varða mál þetta, en ekki verður séð af prófum málsins, að dulskeyti þessi hafi verið borin undir kærðu Pétur og Stefán né að gangskör hafi verið gerð að því að upplýsa, hvort ofangreind starfsemi þeirra hafi verið byrjuð á árinu 1934.

Því dæmist rétt vera :

Kærði Pétur Ólafsson greiði 8000 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 5 mánuði í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Stefán Ó. Stephensen greiði 5500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 100 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Ólafur Þórðarson greiði 2500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 60 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Eggerts Claessen, 120 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo :

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Stefáni Ólafssyni Stephensen, kaupmanni, Bjarkargötu 4, Pétri Ólafssyni, sjómanni, Hverfisgötu 65, og Ólafi Þórð-

arsyni, umboðssala, Öldugötu 27, öllum hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 5, 1920.

Hinir kærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna. Hefir enginn þeirra fyrr sætt ákæru eða refsingu.

Með bréfi dags. 20. október s. l. fól dómsmálaráðuneytið tveim mönnum að rannsaka það, hvort togarar, sem stunda veiðar hér við land, mundu með skeytum úr landi verða látnir víta um hreyfingar varðskipanna. Athuganir þessara manna leiddu til þess, að þeir hinn 8. janúar s. l. gáfu skýrslu um þær til ráðuneytisins þess efnis, að þeir teldu nokkra menn vera grunsamlega um að hafa gefið togurum slíkar upplýsingar, sem að framan greinir, með loftskeytum, og færðu rök að þessu áliti sínu. Með bréfi dags. 9. janúar fyrirskipaði ráðuneytið síðan réttarrannsókn í máli þessu, sem hófst samdægurs og leiddi þá þegar til þess, að nokkrir menn játuðu, að hafa orðið sekir um fyrrgreint athæfi.

Kærði Pétur Ólafsson hefir játað að hafa fyrir beiðni ensks útgerðarmanns í útgerðarfélaginu Rinovia Steam Fishing Company, Grimsby, tekizt á hendur að gefa togurum félagsins: Blakkur, Fairway, Alsey og Drangey, er þeir væru að veiðum hér við land, með loftskeytum á dulmáli upplýsingar um hreyfingar og dvalarstaði varðskipanna íslenzku, svo að skipstjórnarnir á þessum togurum gætu stundað landhelgiveiðar áhyggjulausir, er þeir vissu, að varðskipin væru ekki nærri. Fékk kærði síðan afhentan dulmálslykil til þess að semja skeytin eftir, og hóf hann síðan þessa upplýsingastarfsemi í júlímánuði árið 1934, að því er virðist. En með því að kærði hafði eigi nægjanlegt vald á enskri tungu til þess að rækja starf þetta, þá kveðst hann hafa fengið til liðs við sig meðkærða Stefán Ó. Stephensen. Unnu þeir síðan saman að þessu á þann hátt, að Pétur aflaði hinna nauðsynlegu upplýsinga um varðskipin, sem hann kveður þó ávallt hafa verið takmarkaðar við Reykjavík, en Stefán samdi eftir þeim dulmálsskeyti, sem síðan voru send togurunum. Þannig störfuðu hinir kærðu saman, þangað til um miðjan desembermánuð s. l., að kærði Stefán fékk kærða Ólaf Þórðarson til þess í sinn stað að annast um samning og sending skeytanna, sem hann tók að sér og annaðist síðan, þangað til mál þetta kom upp, og voru skeytin

eftir það skrifuð hjá símanúmeri hans, en höfðu jafnan áður verið skrifuð hjá símanúmeri Péturs. Kveðst Stefán hafa viljað losna við þetta starf vegna annríkis á þessum tíma, en Ólafur kveðst hafa tekið það að sér aðeins í greiðaskyni og með það fyrir augum, að það væri aðeins til bráðabirgða.

Er mál þetta kom upp, eyðilagði Ólafur Þórðarson dulsmálslykil þann, sem þá var í notkun, en dulsmálslykli, sem áður var notaður, kveðst kærði Pétur Ólafsson þá hafa verið búinn að skila útgerðarfélaginu. Það hefir því ekki tekizt að þýða eða ráða neitt af skeytum þeim, sem hér um ræðir. En hinir kærðu hafa játað, að yfirleitt öll skeytaskipti þeirra við fyrrgreind skip hafi með alveg sárfáum undantekningum fjallað um varðskipin. Úr skjalasafni Landssímans hafa verið tekin skeyti þau, sem farið hafa í milli kærðu og umræddra skipa frá því starfsemi þessi hófst, unz mál þetta kom upp, og hafa þau verið lögð fram í málinu. Er það mesti fjöldi skeyta, sem þannig liggur fyrir frá hinum kærðu til skipanna, og þykir af því, í sambandi við fyrrgreindar játningar hinna kærðu um efni skeytanna, mega ráða, að upplýsingastarfsemi þessi hafi verið mjög umfangsmikil.

Hinir kærðu hafa allir játað það, að þeim hafi verið það ljóst, að skipin fengu þessar upplýsingar um varðskipin með tilliti til landhelgiveiða. Hinsvegar hafa þeir neitað því, að þeir hafi haft vitneskju um það, hvort eða að hve miklu leyti umræddar upplýsingar þeirra voru hagnýttar af skipstjórum togaranna.

Það er talið, að íslenzkir menn hafi verið fiskiskipstjórar á öllum fyrrgreindum togurum og jafnvel að íslenzkur maður hafi verið skipstjóri á einum þeirra. Einn af þessum fiskiskipstjórum, sem verið hafði á togurunum Blakkur og Fairway, hefir verið yfirheyrður undir rannsókn málsins. Játaði hann, að nokkur brögð hefðu verið að því, að þessi skip veiddu í landhelgi, og tilgreindi sem dæmi þess, að togarinn Blakkur hefði fyrstu dagana í janúarmánuði s. l. veitt $1\frac{1}{2}$ —2 sólarhringa í landhelgi á Ísafjarðardjúpi.

Enginn hinna kærðu hefir kannazt við það, að hafa fengið nokkur laun fyrir þessi störf, en Pétur Ólafsson

kveður sér hafa verið heitið 200 króna þóknun á ári, sem hann þó aldrei hafi fengið. Kærði Stefán Stephensen hefir haldið því fram, að hann hafi unnið þetta starf aðeins af greiðasemi við Pétur, án þess að áskilja sér eða fá laun fyrir það, eða haft nokkurt samband við útgerð skipanna. Allur þessi framburður verður að teljast mjög tortryggilegur, og með tilliti til þess, að kærði Stefán vann að þessari upplýsingastarfsemi frá upphafi og tók sig fram um að útvega mann til að gegna henni vegna annríkis síns í sinn stað, án þess þó að hætta afskiptum af henni með öllu, þá þykir mega ganga út frá því, að hann hafi engu minni hlut átt að þessu starfi en Pétur Ólafsson.

Framangreind starfsemi hinna kærðu, sem er til þess fallin bæði að liðsinna togurum þeim, sem hennar nutu, við veiðar í landhelgi og gera þeim mögulegt að komast undan hegningu fyrir framin landhelgibrot, varðar við 4. gr. laga nr. 5, 1920.

Með tilliti til þess, hve upplýsingastarfsemi hinna kærðu Stefáns og Péturs er umfangsmikil og langvarandi og með hliðsjón af núverandi gullgengi krónunnar, þykir refsing hvors þeirra um sig hæfilega ákveðin 8000.00 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í sex mánuði í stað sektar hvors þeirra, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Með tilliti til þess, að kærði Ólafur Þórðarson hefir unnið að þessari upplýsingastarfsemi tiltölulega stuttan tíma, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með taldar kr. 250.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessen.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.